

Móttaka og kveðjustundir skipta mjög miklu máli upp á líðan barnsins í leikskólanum.

„Góðan daginn“



Starfsmenn bjóða hlýlega góðan daginn alla daga, barninu er ávallt sýndur áhugi, það er horft í augun þess, barnið knúsað eða tekið í fangið eða að starfsmaður aðstoðað barnið inn í leik og starf leikskólans. Eins eru öll Lundarselsbörn ávallt kvött með þökkum fyrir daginn og jafnvel með eftirvæntingu fyrir næsta degi „hlakka til að sjá þig á morgun“

Foreldrar og starfsfólk skiptast oft á daglegum upplýsingum um líðan barnsins í upphafi og lok dags og er mjög gott mál. Hafa verður þó í huga að það er ekki allt sem er gott fyrir barnseyrað að heyra. Það má alltaf óska eftir samtali, senda tölvupóst eða hringja ef það er eitthvað sem foreldrar þurfa að ræða.

Upplýsingar frá foreldrum, eins og hver sækir eða líðan barnsins er skráð í dagbók deildarinnar þannig að allir starfsmenn sjái og viti. Eins skráðum við oft í dagbókina eitthvað fyrir starfsmanninn sem er til 16:15 svo hann geti miðlað upplýsingum.

Í upphafi dags snýr barnið myndinni sinni við og eins getur verið gott fyrir sum börn að byrja daginn á því að kíkja á myndræna dagskipulagið. Starfsmenn merkja við börnin inn í svokallað Mentor - skráningarkerfi. Við biðjum alla að sjálfsögðu að virða keyptan dvalartíma.

Deildirnar opna klukkan 7:45, biðjum við foreldra að fara ekki inn á deild á undan fyrsta starfsmanni. Ef svo óheppilega vill til að starfsmaðurinn er veikur er alltaf hægt að labba með barnið sitt á næstu deild.

Deildirnar loka klukkan 16:15, það er þó ávallt einn starfsmaður í húsinu til 16:30 sem tekur við barni sem er sótt of seint, sá starfsmaður er inn á Bangsa eða Lunda.

Starfsfólk hefur frumkvæði að samskiptum við alla foreldra, en stundum er mikið að gera á stóru heimili! Því viljum við **biðja ykkur um að láta okkur ávallt vita þegar þið komið með eða sækið barnið ykkar.**

Vöndum okkur öll við að skapa umgjörð að notalegri komu og brottför þannig að barninu finnist gott að koma í leikskólann sinn.